# Innviðir á Íslandi
## - Ástand og framtíðarhorfur

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Samtök iðnaðarins

# Fjárfesting í dag er hagvöxtur á morgun

## Í fyrsta sinn gefin út heildstæð skýrsla um ástand innviða hér á landi

- Markmið að lýsa stöðu innviða hagkerfisins og draga fram þarfir og lausnir til að tryggja gæði þessara meginstoða íslensks samfélags og atvinnulífs.
- Skýrslan er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins (SI) og Félags ráðgjafaverkfræðinga (FRV).
- Rýni á köflum var í höndum Háskólans í Reykjavík (HR).
- Skýrslan er unnin að norskri fyrirmynd.
- Von okkar að skýrslan verði til þess að skapa upplýsta umræðu um stöðu innviða íslenska hagkerfisins og leiði til úrbóta á því sviði til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag.



# Mjög víðtæk úttekt

## Helstu innviðir skoðaðir og metnir með ákveðinni aðferðarfræði

- Sérfræðingar innan FRV mátu innviði og gáfu þeim einkunn.
- Endurstofnverð er kaupverð/ kostnaðarverð sambærilegra eingar/innviða með sömu framleiðslu og/eða þjónustugetu.
- Ástandseinkunn er á bilinu 1 til 5 þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 sú hæsta.
- Langrímahorfum er gefin rauð, gul eða græn ör eftir því hvort líkur eru á að viðkomandi innviður mun standast kröfur og þarfir eftir tíu ár.
- Uppsöfnuð viðhalgsþörf er sá kostnaður sem ætla má að þurfi til þess að koma mannvirkinu í ástandseinkunn 4.

| INNVIÐIR | ENDURSTOFN-VIRÐI, MA.KR. | ÁSTANDS-EINKUNN | FRAMTÍÐAR-HORFUR | UPPSÖFNUÐ VIÐHALDSÞÖRF, MA.KR. |
|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR | 190–230 | 4 | ↑ (græn) | 0 |
| AÐRIR FLUGVELLIR OG LENDINGARSTAÐIR* | 50-60 | 2,5 | ↓ (rauð) | 2–3 |
| FRÁVEITUR | 170–220 | 2 | ↑ (græn) | 50–80 |
| HAFNIR | 100–150 | 3 | ↓ (rauð) | 6 |
| HITAVEITUR | 200 | 4 | ↑ (græn) | 2 |
| VATNSVEITUR | 140 | 3,5 | → (gul) | 15 |
| ORKUVINNSLA | 850–900 | 4 | ↑ (græn) | 0 |
| ORKUFLUTNINGAR | 320 | 3,5 | ↑ (græn) | 70 |
| ÚRGANGSMÁL | 35–40 | 3 | ↑ (græn) | 10–15 |
| ÞJÓÐVEGIR | 770 | 2 | → (gul) | 70 |
| SVEITARFÉLAGAVEGIR | 100–150 | 2 | → (gul) | 40–60 |
| FASTEIGNIR Í EIGU RÍKISINS | 110 | 3 | → (gul) | 55–65 |
| FASTEIGNIR Í EIGU SVEITARFÉLAGA | 330 | 3 | → (gul) | 21 |
| SAMTALS / MEÐALTAL | 3.493 | 3 | → (gul) | 372 |

*Aðrir alþjóðaflugvellir en Keflavíkurflugvöllur, flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð eingöngu og lendingarstaðir

# Veruleg verðmæti bundin í innviðum

## Innviðir mynda lífæðar samfélagsins

- Endurstofnvirði þeirra innviða sem skýrslan nær til er metið 3.493 milljarðar króna.
- Endurstofnvirði innviða álíka og allar lífeyriseignir landsmanna.
- Færa má rök fyrir því að virði þessara innviða fyrir samfélagið er meira þegar tekið er tillit til þess hvað þessar eignir leggja til verðmætasköpunar hagkerfisins.
- Uppbygging innviða og viðhald þarf því ávallt að vera með mikilvægi þeirra að leiðarljósi.



# Innviðir misjafnir að umfangi

## Saman mynda þeir órjúfanlega heild

- Innviðir eru misjafnir að umfangi.
- Nokkur óvissa í mati á endurstofnvirði einstakra innviða.
- Af einstökum innviðum er endurstofnvirðið hæst í orkuöflun og vegagerð.
- Saman mynda þessir tveir innviðir tæplega helming endurstofnvirðis allra innviða.
- Þrátt fyrir mismunandi umfang mynda þessir innviðir allir saman órjúfanlega heild í að skapa lífæðar samfélagsins og samkeppnishæft atvinnulíf.




*Aðrir alþjóðaflugvellir en Keflavíkurflugvöllur, flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð eingöngu og lendingarstaðir

# Ástand innviða varðar okkur öll

## Við getum gert mun betur




Samtök iðnaðarins

# Ástandið er ekki gott

## Hluti innviða í slæmu ástandi

- Að meðaltali fá innviðir ástandseinkunnina 3 en einkunnargjöfin er á bilinu 1 til 5.
- Miðað við þessa einkunn er ástand innviða að meðaltali viðunandi en ekki gott. Búast má við umtalsverðu viðhaldi til þess að halda uppi starfsemi þeirra.
- Eðli máls samkvæmt er ástand innviða mismunandi.
- Enginn innviður fær hæstu einkunn þ.e. 5 og uppfyllir þannig allar kröfur og þarfir dagsins í dag.
- Verst er ástand vega og fráveitna en ástandseinkunn þessara innviða er 2 sem merkir að mannvirkið sé illa á sig komið og starfsemi þess í hættu.




*Aðrir alþjóðaflugvellir en Keflavíkurflugvöllur, flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð eingöngu og lendingarstaðir

# Veruleg uppsöfnuð viðhaldsþörf

## Mest er þörfin í vegagerð, orkuflutningum, fráveitum og fasteignum

- Uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða er áætluð 372 milljarðar króna eða tæplega 11% af endurstofnvirði.
- Með uppsafnaðri viðhaldsþörf er átt við hvað þarf til að koma viðkomandi innvið í ástandseinkunn 4, þ.e. í ástand þar sem staða mannvirkisins er góð og eðlilegt viðhald þurfi til að halda stöðu þess óbreyttri.
- Uppsöfnuð viðhaldsþörf er í fjárhæðum mælt mest í orkuflutningum, vegagerð, fráveitum og fasteignum ríkisins.
- Viðhaldi innviða hefur verið verulega ábótavant á þessum sviðum.
- Saman mynda þessir innviðir 85% af uppsafnaðri viðhaldsþörf allra innviða.




*Aðrir alþjóðaflugvellir en Keflavíkurflugvöllur, flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð eingöngu og lendingarstaðir

SI Samtök iðnaðarins

# Slitnir vegir og einbreiðar brýr

## Lítið fjárfest í vegasamgöngum en umferð hefur aukist stórlega




Ástandseinkunn



Framtíðarhorfur

Uppsöfnuð viðhaldsþörf: **110-130 milljarðar króna**

Endurstofnverð: **870-920 milljarðar króna**



# Rétti tíminn til að fara í innviðauppbyggingu

## Dregið úr niðursveiflunni og byggt undir hagvöxt framtíðarinnar

- Dregur úr hagvexti og slaknar á spennunni í hagkerfinu á næstunni.
- Það mun losna um framleiðsluþætti sem er lag að nýta til uppbyggingar og viðhalds innviða.
- Út frá stöðu efnahagsmála er því góður tími til að fara í að bæta upp uppsafnaða viðhaldsþörf innviða.
- Þannig væri dregið úr niðursveiflunni og á sama tíma byggt undir stoðir hagvaxtar litið til lengri tíma.
- Uppsöfnuð viðhaldsþörf nemur 15,4% af landsframleiðslu þessa árs.




s: spá Seðlabanka

# Framtíðarhorfur ekki góðar

## Horfur á að innviðir mæti ekki betur en nú kröfum og þörfum á árinu 2027

- Innviðir fá að meðaltali gula ör þegar metið er hvort fjárfestingar í þeim muni gera það að verkum að þeir standist væntanlegar kröfur og þörf árið 2027, þ.e. eftir tíu ár.
- Merkir þetta að þó svo að fjárfest sé í innviðinum á næstu tíu árum mun hann ekki mæta betur en nú kröfum og þörfum á árinu 2027.
- Einkunnargjöfin fyrir framtíðarhorfur nær frá rauðri upp í græna ör.
- Í þessu sambandi koma hafnir og innanlandsflugvellir verst út, þ.e. fá rautt. Merkir þetta að það eru meiriháttar hindranir sem takmarka getu þessara innviða til að uppfylla kröfur og þarfir ársins 2027.

| INNVIÐIR | ENDURSTOFN-VIRÐI, MA.KR. | ÁSTANDS-EINKUNN | FRAMTÍÐAR-HORFUR | UPPSÖFNUÐ VIÐHALDSÞÖRF, MA.KR. |
|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR | 190–230 | 4 | ↑ | 0 |
| AÐRIR FLUGVELLIR OG LENDINGARSTAÐIR* | 50-60 | 2,5 | ↓ | 2–3 |
| FRÁVEITUR | 170–220 | 2 | ↑ | 50–80 |
| HAFNIR | 100–150 | 3 | ↓ | 6 |
| HITAVEITUR | 200 | 4 | ↑ | 2 |
| VATNSVEITUR | 140 | 3,5 | → | 15 |
| ORKUVINNSLA | 850–900 | 4 | ↑ | 0 |
| ORKUFLUTNINGAR | 320 | 3,5 | ↑ | 70 |
| ÚRGANGSMÁL | 35–40 | 3 | ↑ | 10–15 |
| ÞJÓÐVEGIR | 770 | 2 | → | 70 |
| SVEITARFÉLAGAVEGIR | 100–150 | 2 | → | 40–60 |
| FASTEIGNIR Í EIGU RÍKISINS | 110 | 3 | → | 55–65 |
| FASTEIGNIR Í EIGU SVEITARFÉLAGA | 330 | 3 | → | 21 |
| SAMTALS / MEÐALTAL | 3.493 | 3 | → | 372 |

*Aðrir alþjóðaflugvellir en Keflavíkurflugvöllur, flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð eingöngu og lendingarstaðir

# Það er brýn þörf á innviðauppbyggingu

## Við viljum:

- Að farið verði strax í innviðaframkvæmdir til að mæta uppsafnaðri viðhaldsþörf.
- Að sérstök áhersla verði lögð á innviði á sviði vegamála, fasteigna hins opinbera, fráveitna og raforkuflutninga.
- Að einkaaðilar komi að uppbyggingu innviða í meira mæli.
- Að slakinn sem reiknað er með að myndist í hagkerfinu á næstu misserum verði nýttur til að byggja upp innviði. Með því er dregið úr niðursveiflunni og byggt undir stoðir hagvaxtar til lengri tíma.



Samtök iðnaðarins